

## ERINDISBRÉF

### Starfshópur velferðarsviðs um nýtingu stafrænna lausna, velferðar- og upplýsingatækni.

**Ábyrgð:** Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs.

#### Markmið og hlutverk:

Með stofnun starfshópsins eru tengdir saman lykilaðilar sem tengjast stafrænum lausnum, velferðar- og upplýsingatækni innan velferðarsviðs með samræmingu og framþróun að markmiði. Hlutverk hópsins er að hefja undirbúning að mótun stafrænnar sýnar (e. digital vision) velferðarsviðs og vera ráðgefandi við innleiðingu stafrænnar umbreytingar (e. digital transformation) sviðsins. Hlutverk hópsins er jafnframt að veita stjórnendum og starfsfólki eftir atvikum fræðslu um stafræna umbreytingu og nýtingu stafrænna lausna, velferðar- og upplýsingatækni.

#### Helstu verkefni:

- Undirbúa drög að stafrænni sýn velferðarsviðs.
- Vinna drög að aðgerðaáætlun um innleiðingu stafrænna lausna, velferðar- og upplýsingatækni innan velferðarsviðs.
- Vera ráðgefandi við stafræna umbreytingu velferðarsviðs.
- Vera upplýsingavettvangur þar sem stafrænn leiðtogi og aðrir meðlimir starfshópsins deila upplýsingum um stöðu mála sem viðkoma málaflokknum.
- Stuðla að samræmdu vinnulagi hjá velferðarsviði í tengslum við stafrænar lausnir, velferðar- og upplýsingatækni.
- Hafa yfirsýn yfir öll tölvukerfi sem eru í notkun á velferðarsviði.
- Hafa yfirsýn yfir hugbúnað sem er í þróun eða er á leið í þróun.

#### Hópin skipa:

- Elsa Guðrún Jóhannesdóttir, starfandi fjármálastjóri.
- Eyrún Ellý Valsdóttir, verkefnastjóri.
- Ingibjörg Þ Sigurþórsdóttir, framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Grafarvogs og Kjalarness.
- Lilja Sigríður Jónsdóttir, persónuverndarfulltrúi velferðarsviðs.
- Líney Einarsdóttir, deildarstjóri í Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða.
- Ólafía Dögg Ásgeirsdóttir, teymisstjóri teymis árangurs og gæðamats.
- Sigþrúður Guðnadóttir, verkefnisstjóri velferðartæknismiðju.
- Styrmir Erlingsson, stafrænn leiðtogi velferðarsviðs og hópstjóri.
- Upplýsingafulltrúi velferðarsviðs.

#### Vinnutilhögun:

Hópstjóri leiðir hópinn og ákveður nánari tilhögun. Hópstjóri sér um utanumhald, boðun funda, ritun fundagerða og önnur praktísk atriði. Ekki verðum um að ræða fasta fundartíma

heldur mun hópstjóri bóka fundi eftir þörfum eða óskum annarra aðila. Starf hópsins mun að miklu leyti fara fram í Microsoft Teams. Undirbúningur að mótun framtíðarsýnar velferðarsviðs í stafænni þróun, sem verður hluti af undirbúningsvinnu við velferðarstefnu sviðsins er forgangsverkefni hópsins og verður unnin í sprettum.

**Starfstími:**

Hugbúnaðarhópurinn starfar á tímabilinu maí 2020 – desember 2020.

Reykjavík, 14. maí 2020



Regína Ásvaldsdóttir,  
sviðsstjóri